

Nr. 076 / 11 Halldóra GK 40**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1745
Smíðaður: Hveragerði og Reykjavík 1987, Ál
Stærð: 18,2 brl. 18,3 bt.
Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 13 m
Breidd: 3,5 m Dýpt: 1,96 m
Vél: Ford 85 kW 1986
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Halldóra©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2011 var Halldóra GK 40 á siglingu til Grindavíkur. Veður: Logn.

Fyrr um daginn hafði reim á rafal slitnað án þess að skipstjóri yrði var við það en þegar komið var austur á Syðri- Sandvík féll spennan svo að siglingatæki duttu út þar á meðal AIS-kerfið og rafdrifin stýrisdæla. Handstýri virkaði vel en þá kom upp bilun í gírnum og kúplaði hann illa að. Skipstjóri bað um aðstoð þar sem rek var með landinu og til öryggis var fluglínubúnaður sendur með bíl frá Grindavík vestur á ströndina. Þegar skammt var upp í brimið utan Brimketils kom björgunarbáturinn Árni í Tungu og dró hann til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að komið var í land var gírinn opnaður og tekinn í sundur. Að sögn vélvirkja sem vann verkið voru kúplingsdiskar svo slitnir að þeir héldu ekki sökum slits.

Nefndarálit:

Orsök bilunar í gírnum var slit vegna ófullnægjandi eftirlits og viðhalds.